

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/605****2017/EES/67/51**

frá 29. mars 2017

**um breytingu á VI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1005/2009 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1005/2009 frá 16. september 2009 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 13. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1005/2009 eru settar lokadagsetningar fyrir notkun halóna í slökkvitækjum og brunavarnarkerfum í „nýjum búnaði“, þ.m.t. nýjum loftförum. Samkvæmt b-lið 2. liðar VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1005/2009 fer skilgreining á „nýjum búnaði“ eftir framlagningardagsetningu á beiðni um tegundarvottun hjá viðeigandi stjórnvaldi.
- 2) Í þágu lagalegs skýrleika og samræmis í framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1005/2009 er nauðsynlegt að tilgreina í skilgreiningu á „nýjum búnaði“ í b-lið 2. liðar VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1005/2009 að varðandi loftför vísar beiðni um tegundarvottun eingöngu í beiðni um nýja tegundarvottun en nær ekki yfir breytingar á gildandi tegundarvottun. Þetta er einnig í samræmi við hugtakið sem er notað hjá Alþjóðflugmálastofnuninni um halónstaðla.
- 3) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1005/2009 til samræmis við það.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 1. mgr. 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 1005/2009.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Eftirfarandi annar málslíður bætist við í b-lið 2. liðar VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1005/2009:

„Að því er varðar loftför vísar beiðni um tegundarvottun í framlagningu beiðni um tegundarvottun fyrir nýtt loftfar.“

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. mars 2017.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 84, 30.3.2017, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 190/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 286, 31.10.2009, bls. 1.